

# Framhaldsfræðsluþjónusta í dreifðum byggðum

## Þekkingarnet Þingeyinga

Lok verkefnis: **11.12.19**

### 1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Framhaldsfræðsluþjónusta í dreifðum byggðum, rafræn skráning upplýsinga. Þekkingarnet Þingeyinga.

### 2. Um verkefnið

Þar sem Þekkingarnetið vinnur á stóru svæði eru styttri ferðalög nauðsynleg fyrir náms-og starfsráðgjafa til að þjónusta einstaklinga í heimabyggð og þegar þeir fara í vinnustaðaheimsóknir. Markmið með verkefninu var því að auðvelda skráningu mikilvægra upplýsinga á meðan ferðalögum stendur og finna hentugan hugbúnað fyrir það. Microsoft Forms varð fyrir valinu.

### 3. Markmið verkefnis

- Að þróa einfalt og hagnýtt vinnulag, með völdum “verkfærum” sem nýtast til þjónustu í framhaldsfræðslu í dreifbýli.
- Að útfæra ofangreint vinnulag í hagnýta rafræna “handbók” fyrir ráðgjafa og/eða verkefnastjóra símenntunarmiðstöðva.
- Efla þjónustu við markhóp framhaldsfræðslu á vinnustöðum sem starfa í dreifðum byggðum.

### 4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Á ekki við.

### 5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Markmiðið var að efla þjónustu við markhóp framhaldsfræðslu á vinnustöðum sem starfa í dreifðum byggðum.

### 6. Lokaafurð/ir verkefnis

Markvissari lausn fyrir skráningu upplýsinga og rafræna “handbók” fyrir ráðgjafa og/eða verkefnastjóra símenntunarmiðstöðva um verklag.